



Sveinn Valgeirsson

Fyrir mér er lífið afskaplega krækilóttur vegur

Ungt fólk á milli tvítugs og þrítugs er líklega einhver mesta auðlind hvernjar þjóðar. Á þessum árum er orka þess beisluð inn í þjóðfélagið, sem

endurnýjast og umskapast með tilkomu hvers nýs og öflugs einstsaklings. Eðlilega á þetta fólk sér ólíkt baksvið, reynslu og þroska og fer ólíkar leiðir

í lífinu. Tengsl þroska og lifandi vitundar við aldur virðast vera afstæð og finna má bæði ungar sálir og gamlar á sama aldurskeiði.

É

g hitti að máli Svein Valgeirsson en Sveinn var að ljúka við annað ár sitt í guðfræði við Háskóla Íslands.

Af hverju guðfræði, Sveinn?

Það fór saman áhugi minn á fornöldinni og málalærdómur. Prestskapur er ekki á dagskrá í bili að minnsta kosti. Ég gæti jafnvel hugsað mér framhaldsnám erlendis í gamlamenteisfræðum.

Er ekki óvanalegt að fara í guðfræði?

Jú, þetta er a.m.k. fámenn deild. Maður er strax stimplaður sem guðfræðinemi, ekki maður sjálfur. Inn í þetta kemur náttúrulega trúin á guð og áhugi á biblíunni. Maður er forvitinn um þessa gömlu heilandi tíma.

Hvers virði er sumarið fyrir þig?

Sumarið skiptir mig miklu máli. Ég fer oft á veitingahús á sumrin en það kemur engin sérstök vornáttúra í mig. Maður er búinn að fá leið á þessum böllum, þetta er alltaf sami rúnturinn. Ég er ennþá atvinnulaus. Í fyrra var ég í byggingarvinnu en nenni því ekki í sumar. Maður hefur að vísu gott af útvinnunni.

Hver eru áhugamálin, Sveinn?

Ég man að einu sinni var ég spurður hver áhugamál mín væru og kom í ljós að þau voru engin utan skólans, nema þá að hafa það gott. Draumurinn er að eignast Harley Davidson-mótorhjól, ekki minna en 1.000 kúbik.

B

irgitta Jónsdóttir, 21 árs gamall Reykjavíkingur, er skýrt dæmi um þetta. Hún er fædd 17. apríl 1967 og hefur ótrúlega víða borið niður þó fá ár liggi að baki. Hún fæddist í Reykjavík, en hefur einnig búið á jafn ólíkum stöðum og Hveragerði, Þorlákshöfn, Þingeyri, Siglufirði, Svíþjóð, Englandi og Hollandi. Einnig var hún í nokkurn tíma við nám í Skógarskóla og á Núpi. Í miðbænum má einatt sjá hana á fleygiferð íklædda mörgum svörtum kápum með sitt hárið í allar áttir.

Birgitta virkar mun dýpri og þroskaðri persónuleiki en margir jafnaldrar hennar og eflaust liggur þar hennar margþætta og oft á tíðum sára lífsreynsla til grundvallar.

Mér tókst að hafa hendur í hinu bláa og mikla hári hennar og hún lofaði að sýna okkur örlítið sinn innri mann.

Við setjumst niður í eldhúsinu á Skólavörðustígnum, með rótsterkt og ilmandi kaffi fyrir framan okkur og ég byrja á því að spyrja hvernig Birgitta horfi á sjálfa sig sem mann-skju.

Ég lít á mig sem ævagamla á sumum sviðum og jafnframt mjög mikla stelpu á öðrum. Ég er mjög rótlaus og margklofin eftir allt þetta flakk sem ég hef verið á í gegnum tíðina. Þó er ég búin að ná vissri ró innra með mér, hef haft góðan tíma til að skoða mig en ekki komist að neinni endanlegri niðurstöðu ennþá.

Þú hefur haft tækifæri til að

skoða þjóðfélagið okkar frá mörgum hliðum, hvernig er að vera ung kona í nútímanum?

Ég get ekki svarað fyrir neinn nema sjálfa mig. Ég er eiginlega hætt að taka þetta þjóðfélagsundur alvarlega. Ég þekki kjarna þess nokkuð vel og velti mér ekki upp úr smáatriðum, slæ þessu bara upp í kæruleysi.

Það er bæði hægt að láta sér líða vel og illa hérna, allt eftir því hvernig fólk lítur á hlutina. Það má gera hér allt á milli himins og jarðar, en til þess þarf að komast í kynni við rétt fólk. Mér blöskrar hvað maður þarf í raun og veru að snúa sér oft að fólki sem maður hefur engan áhuga á, til að geta gert eitthvað. Það er einnig ákaflega áberandi að hér er fólk með hinar stórbrotuustu hugmyndir um að gera hitt og þetta en framkvæmdir eru engar, málið gufar upp.

Það er ekki auðvelt fyrir t.d. feimíð og óframfæríð fólk að takast á við eitthvað sérstakt hér. Menn þurfa að vera geysilega miklar félagsverur til að komast eitthvað áfram. Mörgum er nú raunar alveg sama, sætta sig við gjörsamlega flatt líf. En að mínu mati eru klískskapur og hræsni mjög ráðandi hér í bænum. Eitt er mjög óþægilegt á Íslandi og það er hversu kalt þetta þjóðfélag okkar er, fólk á mjög erfitt með að opna sig og vera hlýtt. Það er alltaf að hugsa um smáatriðin, vandar sig líklega of mikið.

Ég hef mínar skoðanir á þessum málum, en ég er kannski ekki alltaf að flagga þeim.

Mörgum á þínum aldri virðist hlutir eins og t.d. fót og peningar vera hugleiknir, hvað um þig?

Ég er von því að vera fátæk og mitt líf snýst ekki í kringum peninga. Auðvitað er ég teymd áfram af þeim að vissu leyti sem og aðrir, ég þarfnast þeirra til að kaupa mér kaffi, mat og tóbak og einfaldlega til að geta verið með. Flest af mínum fatnaði kemur frá gömlum ömmum sem vilja fremur að einhver gangi í honum en að geyma hann inni í skáp

hjá sér ónotaðan. Ég fylgi ekki neinni sérstakri tísku, ekki fara peningarnir í það. Þó er ég með eina delu í sambandi við fót, ég kaup mikið af sokkabuxum. Yfirleitt er ég minnst í tveimur pörum og mest í fimm! En ég hef aldrei eytt stórum fúlgum í neitt og hef heldur ekki átt þær.

Þú gefur til kynna áhugaleysi á þeim darraðardansi sem lífsgæðakapphlaupið er, hvert er þitt gildismat á dauðum hlutum annarsvegur og einstaklingnum hinsvegur?

Hlutir eru aldrei óbætanlegir í mínum augum. Þó svo ég tyni einhverju sem mér er kært þá er mér sama. Enginn hlutur er það merkilegur að maður geti ekki fest svipaðan hug til þess næsta.

Ég fór eitt sinn til Hollands, og tók með mér alla smáu hlutina mína sem mér þótti vænt um. Öllu þessu, ásamt u.þ.b. 100 kassetum var stolið af mér. Ég varð óskull í fimm mínútur vegna þess að mér finnst ljótt að stela af fátæku fólki, en síðan var það líka búið.

Fólk er mér mjög mikils virði. Í öllum heiminum finnst mér ekkert unaðslegra en að geta talað við manneskju, eða þagað með henni og fundið að ég er ekki ein með mínar hugsanir. Að finna að þetta sem manni finnst vera eins og vitfiringur í hausnum á sér oft á tíðum, sé fyrir einhverjum öðrum eðlilegt. Upplifa samkenndina. Samt líður mér sennilega best þegar ég er ein. Dálftið öfugsniðið að ég er hálfgerður einfari en get þó ekki án annars fólks verið. En í einverunni geri ég það sem mér finnst best; lesa og mála. Ég hef lært að meta þetta að verðleikum.

Góðir vinir eru mér mikils virði. Ég hef aldrei átt marga í einu, í mesta lagi tvo. Ég virðist laðast að persónum með svipaðan bakgrunn og ég hef sjálf. Annað fólk er bara til í kringum mig, ég get ekki komist inn fyrir yfirborðið á því. Og þar sem mér finnst fremur leiðinlegt að eyða tíma og orku í að leika fyrir fólk, þ.e. nota yfirborðsmennskuna sér til framdráttar, þá leyfi ég því

að eiga sig. Barna kemur einmitt fram þessi tvíklöfningur í mér, ég virka sennilega oft eins og ég sé að leika eitthvað gáskafullt hlutverk, en það er bara krakkinn í mér.

Þú talar um þig sem unga og gamla á vixl, hvað felst á bak við þessar myndir?

Mig langar öðru hvoru að sleppa fram af mér beislinu. Þá kemur tskarpenastelpa fram, ég ærslast, hoppa og skoppa um strætin, syng og hlæ. Svona er ég þegar ég fæ hamingjuköst, sé þá öll smáatriðin í lífinu, þau iða í kringum mig og gleðja. Svo fæ ég þunglyndisköst, að vísu sjaldan, en þá líður mér líkt og ég sé hundrad ára gömul, þannig tímabil eru þó ekki langvinn. En ég hef reynt margt. Ég hef upplifað dauðann mjög nálægt mér, sömuleiðis eitruþyf og sálarpyntingar. En eftir því sem tíminn líður á ég betra með að vinna úr þessu og sjá heildina. Svo ég taki nú örugglega orð einhvers annars mér í munn; mér finnst ég lifa í hring. Og ég er farin að geta tekið utan um hringinn og þá er strax auðveldara að handfjatla þessa litlu hietu sem eru innan í honum og setja saman í heild. Stundum finnst mér eins og öll heimsins vandamál séu sett á herðar mér. En vegna þess að ég tel mig hafa greitt þokkalega úr öllum aðsteðjandi vandamálum í gegnum tíðina, þá þykir mér vænt um þegar vinir mínir koma með sína erfðileika til mín. Ég get þá kannski miðlað þeim óbeint af því sem ég hef lært um sjálfa mig. Fyrir mér er lífið afskaplega krækilóttur vegur. Það sem er ef til vill dásamlegasta við tilveruna er að þú veist aldrei hvað er bak við næsta horn eða beygju á þessum vegi. Hvort það er skelfilegt ljón til að kljást við eða bara bejnn og breiður vegur.

Öll höfum við okkar hugsjónir og drauma, hvert stefna þínar langanir?

Draumurinn er sá að geta unnið eingöngu fyrir sjálfa mig, þurfa ekki að eyða orku minni í að vinna fyrir aðra. Svo gæti farið að þessi draumur rættist, ég held í það minnsta áfram að skrifa og mála og svo sjáum

UMSJÓN/ARI GÍSLI BRAGASON OG STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR

“Hlutir eru aldrei óbætanlegir í mínum augum. Þó svo ég tyni einhverju sem mér er kært þá er mér sama. Enginn hlutur er það merkilegur að maður geti ekki fest svipaðan hug til þess næsta.”

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

“Ég fer oft á veitingahús á sumrin en það kemur engin sérstök vornáttúra í mig. Maður er búinn að fá leið á þessum böllum, þetta er alltaf sami

rúnturinn.”

SVEINN VALGEIRSSON

B

rynhiður Gunnarsdóttir (20 ára) nýstúdent starfar við vegagerð og mælir á vegum landsins í sumar. Ég byrjaði á því að spyrja Brynhildi hvort ekki væri óvanalegt að stúlkur veldust í störf sem þessi. Nei, nei, þetta er ekki endilega

karlavinna. Í vinnuhópnum sem ég er í eru karlar í meirihluta en við erum 3 stelpur í hópnum. Í gamla daga hefði þetta þótt óvanalegt en allt breytist í þjóðfélaginu. Þótt við séum bara 3 stelpur í hópnum þá er mórallinn mjög góður.

Hver eru áhugamál þín?

Ég hef mjög gaman af því að ferðast. Maður kynnist nýjum síðum og hugmyndum sem gaman er að spá í. Ég hlusta mikið á tónlist. Tom Waits er í miklu uppáhaldi hjá mér. Klassísk tónlist heillar mig líka. Ég velti textunum og boðskapnum mikið fyrir mér. Manni á að líða vel þegar maður heyrir góða tónlist. Ef ég fer á dansstað og dansa þá fíla ég danstónlist en bara til að dansa við en ekki til að hlusta á.

Ertu trúuð?

Ég held ég trúi strekt á guð. Ég

trúi að eitthvað sé eftir dauðann, eitthvað framhald af jarðlífinu. Ég hef trú á skyggnu fólki, að fólk hafi tilfinningu fyrir öðrum. Annars hafa allir einhverja og þá oft ólíka skoðun á þessu.

Hvers virði er fjölskyldan þér?

Ég hef mikla trú á fjölskyldunni. Einstaklingarnir spretta náttúrulega upp við mismunandi aðstæður. Ætli gyðingarnir séu þó ekki einna harðastir í fjölskyldumálunum. Annars held ég að viðhorf ungra fólksins til fjölskyldunnar sé að breytast. Áður var ekki í tísku að binda sig og giftast en í dag hugsar ungt fólk fyrir. En áður um giftingu og framtíðina. Svona getur dæmið snúist við.

Fylgist þú mikið með þjóðmálunum?

Já, ég hef gaman af því að spá í þau. Annars list mér ekki nóg vel á